

Mosfellsbær
c/o Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi
Þverholti
270 Mosfellsbær

v/ Svæði fyrir frístundabyggð í Mosfellsbæ 2017-04-27 gy

Inngangur.

Ég hef samkvæmt beiðni þinni skoðað umsókn Einars Tryggvasonar um aukin svæði fyrir frístundabyggð í suðurhluta sveitarfélagsins, nánar til tekið á svæðinu á milli Hafravatns og Selvatns.

Í bréfi umsækjanda eru tiltekin 4 svæði, en 3 þeirra eru í eigu Margrétar Tryggvadóttur.

Meginmál.

Í gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 var ítrekuð sú stefnumörkun bæjarfélagsins að sporna gegn frekari frístundabyggð á suðursvæðum sveitarfélagsins. Stefnumörkun þar að lútandi var fyrst sett fram í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 þ. e. að öll svæði fyrir frístundabyggð á umræddum svæðum þar sem ekki lágu fyrir ákveðin uppbyggingaráform, þ. e. samþykktar deiliskipulagsáætlanir yrðu felldar út úr skipulagi. Tillaga þessi var kynnt með skýrum hætti á sínum tíma. Til að mynda var efnt til fjölmenns kynningarfundar um frístundasvæðin þar sem hagsmunaaðilar voru sérstaklega boðaðir. Í framhaldinu samþykkti bæjarstjórn að auglýsa aðalskipulagsáætlunina lögformlega og í framhaldinu var aðalskipulagstillagan samþykkt og staðfest.

Rökstuðningur

Ákvörðunin um uð draga úr umfangi svæða fyrir frístundabyggð á suðursvæðum Mosfellsbæjar er byggð á markmiðum í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins varðandi svæði fyrir frístundabyggð, kafla 2.2. en þar segir m. a.: „*Ekki verði gert ráð fyrir nýjum svæðum fyrir frístundabyggð. Staða svæða fyrir frístundabyggð í nálægð þéttbýlis verði endurmetin m. a. til þess að fyrirbyggja að frístundahús á slíkum svæðum verði notuð til fastrar búsetu og kröfur gerðar til bæjarfélagsins um þjónustu við svæðin.*“

Í greinargerð með aðalskipulaginu, stefna og skipulagsákvæði, kafla 4.11 segir m. a.: „*Afmörkun svæða fyrir frístundabyggð miðast að mestu við núverandi byggð og samþykkt deiliskipulag.*“

Með vísan til þess sem að framan greinir samræmist umbeðið aukið umfang svæða fyrir frístundabyggð á suðursvæðum Mosfellsbæjar ekki markmiðum sveitarfélagsins í aðalskipulaginu.

Virðingarfyllst

Gylfi Guðjónsson

